

Aukaársfundur

Samþykktarbreytingar

Á aukaársfundi Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar sem haldinn var þann 4. október 2018 voru meðal annars lagðar til breytingar á samþykktum sjóðsins. Breytingarnar snúa einkum að þremur þáttum en taka ekki gildi fyrr en Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur samþykkt þær.

Sveigjanleiki í lífeyristöku

Um síðustu áramót urðu breytingar á almannatryggingalöggjöf sem heimilar töku hálf lífeyris frá almannatryggingum á móti hálfum lífeyri frá lífeyrissjóðum. Því var ákveðið að veita heimild í samþykktum LSA til að sjóðfélagar geti farið á hálfan lífeyri gegn því að viðkomandi verði ekki í meira en hálfu starfi sem veitir aðild að sjóðnum.

- Í A-deild sjóðsins skiptast réttindin í tvo hluta og því munu þeir sjóðfélagar sem nýta sér þennan möguleika fá tvo aðskilda úrskurði. Ekki kemur til hækkun á þau réttindi sem frestað er, nema viðkomandi sé á hærra launaviðmiði við seinni úrskurð. Áfram munu gilda sömu aldursmörk um hvenær hægt er að hefja töku eftirlauna.
- Í B-deild sjóðsins hækkar sá hluti eftirlauna sem frestað er um 0,5% fyrir hvern mánuð sem frestinun nemur. Heimild til frestunar á hálfum eða öllum lífeyri gildir nú til allt að 80 ára aldurs.

Stjórnarformaður sjóðsins

Í samþykktum sjóðsins var gert ráð fyrir að bæjarstjóri væri alltaf formaður stjórnar. Sú staða kann hins vegar að koma upp að það fari betur á því að annar starfsmaður bæjarins sitji í stjórn heldur en bæjarstjóri. Með hliðsjón af því var lagt til að 4. gr. yrði breytt þannig að stjórnarformaður skuli tilnefndur af bæjarstjórn og vera annað hvort bæjarstjóri eða sviðsstjóri fjármálasviðs bæjarins.

Mótframlag launagreiðenda

Samkvæmt samþykktum sjóðsins var gert ráð fyrir að mótframlag launagreiðenda í sjóðinn væri 6%. Samkvæmt lögum um lífeyrissjóði skal lágmarksmótframlag hins vegar vera 8%. Bæjarráð Akureyrarbæjar samþykkti hækkun úr 6% í 8% í maí 2017 og var því ákveðið að hækka mótframlag í samþykktum sjóðsins til samræmis, þar sem það á við.

Nánari upplýsingar um samþykktarbreytingarnar má finna á heimasíðu sjóðsins.

Stjórn

Samkvæmt samþykktum sjóðsins er stjórn skipuð til 4 ára í senn en hana skipa:

Dan Jens Brynjarsson, Akureyrarbæ
Gunnar Gíslason, Akureyrarbæ
Guðmundur Baldvin Guðmundsson, Akureyrarbæ
Arna Jakobína Björnsdóttir, Kjölur
Hanna Rósa Sveinsdóttir, Kjölur

Varamenn:

Eva Hrund Einarsdóttir, Akureyrarbæ
Halla Björk Reynisdóttir, Akureyrarbæ
Árni Egilsson, Kjölur
Kristinn Bjarnason, Kjölur

Samkvæmt samningi sér Stapi lífeyrissjóður um rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar.

